

## AÐALFUNDARGERÐ

### REYKJALUNDUR ENDURHÆFING EHF. – ÁRIÐ 2022

Aðalfundur Reykjalundar endurhæfingar ehf., kt. 610420-0790 („félagið“) vegna starfsársins 2021 var haldinn þriðjudaginn 25. október, kl. 15 að heimili félagsins að Reykjalundi, 270 Mosfellsbæ, fundarsalurinn Mosfell.

Stjórnarformaður félagsins, Anna Stefánsdóttir, setti fundinn og gerði það að tillögu sinni að Gunnar Ármannsson, lögmaður og stjórnarmaður félagsins yrði fundarstjóri fundarins, sem var samþykkt samhljóða. Fundarstjóri lagði því næst til að Pétri Magnússyni, forstjóra félagsins, væri falinn ritun fundargerðar, sem var einnig samþykkt samhljóða.

Mætt var f.h. eina hluthafa félagsins, SÍBS, kt. 550269-7409, Borgartúni 28a, 105 Reykjavík („SÍBS“), af hálfu Sveins Guðmundssonar, formanns stjórnar SÍBS. Var því mætt fyrir allt hlutafé og allan atkvæðisrétt í féluginu, en með vísan til 5. mgr. 63. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög („ehfl.“), var fallið frá formskilyrðum 1. – 4. mgr. sömu greinar og 1. mgr. 62. gr. sömu laga hvað varðar aðdraganda fundarins.

Fundarstjóri úrskurðaði því næst fundinn lögmætan til þess að afgreiða þau mál sem á dagskrá hans voru, sem var eftirfarandi og fram kom að 100% hlutafjár væri á staðnum. Dagskráin var eftirfarandi:

1. Stjórn félagsins skýrir frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram ásamt athugasemdu endurskoðanda til samþykktar.
3. Ákvörðun um hvernig hagnaði skuli varið í samræmi gr. 1.3 samþykktta félagsins og framlög í varasjóð.
4. Ákvörðun um greiðslu stjórnarlauna.
5. Kosningar stjórnar félagsins
6. Kosning endurskoðanda.
7. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni, löglega upp borin.

Því næst var gengið til dagskrár í þeirri röð sem kveðið var á um í fundarboði, en SÍBS tekur ákvarðanir f.h. félagsins á fundinum sem eini hluthafi þess með vísan til 4. mgr. 59. gr. ehfl.

#### 1. Skýrsla stjórnar

Fyrir hönd stjórnar skýrði Anna Stefánsdóttir, formaður stjórnar, frá rekstri þess á liðnu ári og hag þess í árslok 2021. Sjá nánar í glærum aðalfundarins í viðhengi.

#### 2. Samþykkt ársreiknings

Henry Örn Magnússon hjá Ráðgjöf og endurskoðun ehf., endurskoðandafyrirtæki félagsins, fór því næst yfir ársreikning félagsins vegna reikningsársins 2021 og athugasemdir endurskoðanda. Að umræðum viðstaddir

um ársreikning félagsins loknum var hann samþykktur af hluthafa félagsins. Sjá nánar skjal með ársreikning sem viðhengi fundargerðarinnar. Á eftir voru stuttar umræður.

**3. Ákvörðun um hvernig hagnaði skuli varið í samræmi gr. 1.3 samþykktta félagsins og framlög í varasjóð**  
Næsta mál á dagskrá var ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar félagsins í samræmi við gr. 1.3 samþykktta félagsins og um framlög í varasjóð, en tap varð af rekstri félagsins á rekstrarárinu 2021 að fjárhæð kr. 74.242.604 kr.

Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar um að tillaga um ráðstöfun taps í samræmi við fyrirliggjandi ársreikning félagsins vegna ársins 2021. Tillagan, sem var að færa tap ársins 2021 til ársins 2022, var samþykkt af hluthafa félagsins.

**4. Ákvörðun um greiðslu stjórnarlauna**

Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar um að stjórnarlaun á árinu 2022. Tillagan var samþykkt af hluthafa félagsins en hún hljóðar svo:

||

#### **Varðar: Laun stjórnarmanna.¶**

Stjórn Reykjalundar endurhæfingar ehf. hefur nú starfað í rúmt ár eða frá stofnun félagsins. Stjórnarstarfið er talsvert meira að umfangi en gert var ráð fyrir í upphafi sérstaklega hjá formanni. Er það ekki síst vegna breytinga sem eiga sér stað í starfsemi Reykjalundar, með nýju skipuriti og rekstrarvanda síðustu ára. ¶

Eftir umræður um stjórnarlaun á fundi stjórnar 9. nóvember 2021 leggur formaður til að stjórn samþykki eftirfarandi: ¶

Formaður verði í 10% starfshlutfalli frá 1. september 2021 og laun verði 10% af mánaðarlaunum forstjóra hverju sinni. Formaður fær einnig greitt fyrir stjórnarfundi sömu upphæð og aðrir stjórnarmenn, fær ekki sérstakar greiðslur fyrir aðra fundi. ¶

Frá 1. janúar 2022 fá stjórnarmenn kr. 80.000 fyrir hvern stjórnarfundi og 50% af því fyrir aðra fundi. ¶

**5. Kosning stjórnar**

Samkvæmt 4. gr. samþykktta félagsins, skal stjórn skipuð einum til þremur einstaklingum og einum til vara eftir ákvörðun aðalfundar hverju sinni, sbr. einnig nánari umfjöllun um skipun og hæfni stjórnarmanna í ákvæðinu.

Fyrir fundinum lá tillaga um að stjórn félagsins yrði skipuð af öllum núverandi stjórnarmönnum, þ.e. Önnu Stefánsdóttur, Gunnari Ármannssyni, að undanskildum Haraldi Sverrissyni, en Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri Mosfellsbæjar, yrði skipuð í stjórnina í hans stað, og svo að Arna Harðardóttir gegndi áfram stöðu varamanns stjórnar. Var tillagan samþykkt af hluthafa félagsins eftir stutta umræður..

HM  
GÁ

## 6. Kosning endurskoðanda

Fyrir fundinum lá einnig fyrir tillaga um að Endurskoðun og ráðgjöf ehf., yrði endurkjörið sem endurskoðunarfélag félagsins og greiðslur til þess yrðu samkvæmt útgefnum reikningi hverju sinni. Var sú tillaga samþykkt af hluthafa félagsins og Eymundur Sveinn Einarsson hjá Endurskoðun og ráðgjöf ehf. var samþykktur sem endurskoðandi félagsins.

## 7. Önnur mál, löglega framborin

Engar frekari tillögur lágu fyrir á fundinum og gaf fundarstjóri orðið laust.


Sveinn Guðmundsson, formaður stjórnar SÍBS fluttiutta tölum og lýst yfir ánægju með ganga mála í nýja féluginu og starfið á Reykjalundi.

Eftir stuttar umræður var formlegri dagskrá fundarins lýst lokið og fundarstjóra og fundarritara falið að ganga frá fundargerð fundarins. Fleira gerðist ekki og var aðalfundi félagsins því slitið kl. 16:20.

Til staðfestingar:



Gunnar Ármansson,  
Fundarstjóri



Pétur Magnússon,  
fundarritari